



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

RÚSSNESK VEISLA

12. MARS
2020



VELKOMIN

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd:

Píanókoncert: 43'

Hlé: 20'

Rómeó og Júlía: 20'

Eldfuglinn: 20'

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
meðan á tónleikum stendur.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Aðalstyrktaraðili

GAMMA

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

FM 12 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

RÚSSNESK VEISLA

Sinfóníuhljómsveit
Íslands

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Olga Kern
einleikari

EFNISSKRÁ

Sergej Vasiljevítsj Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 3 í d-moll, op. 30 (1909)
Allegro ma non tanto
Intermezzo: Adagio
Finale: Alla breve

Hlé

Pjotr Íljítsj Tsjajkovskíj
Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur (1869/1880)

Ígor Fjodorovítsj Stravinskíj
Eldfuglinn, svíta (1910/1919)
Inngangur
Eldfuglinn dansar
Tilbrigði Eldfuglsins
Prinsessudans
Vítisdans Kastsjejs konungs
Vögguvísa
Lokadans

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



BJARNI FRÍMANN BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bjarni Frímann Bjarnason var ráðinn aðstoðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2018 og hefur stýrt henni við ýmis tækifæri, síðast á rómuðum Vínartónleikum í upphafi þessa árs. Hann hefur einnig verið tónlistarstjóri Íslensku óperunnar frá 2018 og stjórnað uppfærslum hennar á *Toscu*, *Hans og Grétu*, *La traviata* og *Brúðkaupi Figarós*.

Bjarni Frímann stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr bítum í einleikarakeppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og lék í framhaldinu víólukonsert Bartóks með sveitinni á tónleikum. Síðan stundaði hann nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Bjarni hefur komið fram víðsvegar um Evrópu, bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann hefur stjórnað mörgum helstu hljómsveitum á Íslandi, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, CAPUT og Kammersveitinni Elju. Þá hefur hann samið tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir bæði hérlandis og erlendis. Bjarni Frímann hefur hin seinni ár komið víða fram sem píanóleikari með söngvurum og sem kammertónlistarmaður m.a. í Berlínarfilharmóníunni og Konzerthaus í Vínnarborg. Skemmst er að minnast meðleiks hans á einsöngstónleikum moldóvska barítónsöngvarans Andrejs Zhílíkhovskij í Norðurljósal Hörpu á liðnu hausti þar sem báðir fóru á kostum.

Árið 2012 vann Bjarni Frímann fyrstu verðlaun í Hanns Eislerkeppninni í Berlín fyrir frumflutning á píanótilbrigðum eftir Viktor Orra Árnason. Hann var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016 og í gærkvöldi hreppti hann verðlaunin í flokknum Flytjandi ársins fyrir árið 2019.



OLGA KERN

EINLEIKARI

Rússnesk-bandaríski píanóleikarinn Olga Kern fæddist í Moskvu. Hún er af tónlistarfólki komin og hóf píanónám fimm ára gömul hjá móður sinni. Hún var sautján ára þegar hún bar sigur úr býtum í Rakhmanínov-píanókeppninni í Moskvu og árið 2001 vann hún til gullverðlauna í Van Cliburn-keppninni í Texas þar sem hún lék einmitt 3. píanó-konsert Rakhmanínovs. Hún hefur síðan átt glæstan feril og komið fram í helstu tónleikasölum austan hafs og vestan, meðal annars í Carnegie Hall í New York og La Scala í Mílanó. Kern hefur leikið einleik með Fílharmóníusveitinni í Moskvu, Konunglegu skosku Þjóðarhljómssveitinni, Konunglegu fílharmóníusveitinni í Lundúnum og Sinfóníuhljómssveitinni í Bilbao, svo einhverjar séu nefndar, og framundan eru tónleikar með Sinfóníuhljómssveitinni í Baltimore og Fílharmóníusveit Nýju Mexíkó.

Olga Kern hefur lagt rækt við flutning verka Rakhmanínovs og hljóðritað þau fyrir Harmonia mundi. Þar má nefna *Corelli-tilbrigðin* og fleiri umritanir en sú plata var tilnefnd til Grammy-verðlauna árið 2004. Árið 2012 gaf SONY út hljóðritun þeirra Sol Gabetta á sönötu Rakhmanínovs fyrir selló og píanó.

Kern kennir við Manhattan School of Music í New York og leiðbeinir oft á námskeiðum auk þess sem hún stendur fyrir sinni eigin píanókeppni sem haldin er á þriggja ára fresti í Albuquerque í Nýju Mexíkó.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Olga Kern kom fyrst fram hérlendis á Listahátíð 1992, þar sem hún var í hópi fimm rússneskra „undrabarna“ sem léku á tónleikum í Reykjavík, á Ísafirði og á Akureyri. Hún snéri aftur í maí 2009 og lék þá 2. píanókonsert Rakhmanínovs með Sinfóníuhljómssveit Íslands í Háskólabíói.



SERGEJ RAKHMÁNÍNOV

PÍANÓKONSERT NR. 3 Í D-MOLL

Langur ferill tónlistarmannsins Sergejs Rakhmanínov (1873–1943) náði eiginlega yfir þrjár starfsgreinar: hann var tónskáld, hljómsveitarstjóri og konsertpíanisti en það var misjafnt eftir æviskeiðum hvaða grein var í forgrunni. Á síðari hluta ævi sinnar, eftir að hann yfirgaf heimaland sitt í kjölfar rússnesku byltingarinnar árið 1917, var Rakhmanínov einkum kunnur sem afburða píanóleikari. En framan af ævi stóð metnaður hans fyrst og fremst til tónsmíða, þótt hann ynni fyrir sér með píanókennslu og hljómsveitarstjórn.

Hann var í fjöðurætt kominn af lífsglöðum, listhneigðum offíserum; afi hans Arkadíj Rakhmanínov var til að mynda góður píanóleikari en faðirinn Vasílíj lagði aftur á móti meiri áherslu á lífsgleðina. Móðir Sergejs, Ljúbov, lék einnig á píanó. Hún var dóttir auðugs landeiganda og Sergej fæddist því inn í talsvert ríkidæmi en Vasílíj var eyðsluseggur og sólundaði eignum fjölskyldunnar á skömmum tíma. Svo fór að Rakhmanínov-hjónin skildu að borði og sæng og Ljúbov settist að í Sankti Pétursborg ásamt börnunum. Sergej litli hafði þá þegar sýnt að hann bjó yfir miklum tónlistarhæfileikum og hann hlaut styrk til náms við konservatoríið í borginni. Ekki sinnti hann þó náminu sem skyldi og var á endanum vísað úr skólanum. Náfrændi hans, píanóleikarinn Alexander Siloti, kom þá til bjargar og kom Sergej að í tónlistarháskólanum í Moskvu. Þar hóf hann nám haustið 1885 hjá Níkolaj Zvérev sem hafði verið kennari Silotis. Zvérev gerði sér fljótt grein fyrir því hvert feikna efni bjó í drengnum. Hann tók hann undir sinn verndarvæng, hýsti hann á heimili sínu og agaði. Hæfileikar Sergejs tóku nú að blómstra og fundu sér ekki eingöngu farveg í píanóleik heldur einnig í tónsmíðum. Píanoíð var tónsmíðnum unga nærtækt; reyndar má segja að Rakhmanínov hafi undirbúið eigin tónsmíðaferil með því að umrita hljómsveitarverk annarra tónskálda, til dæmis Tsjajkovskís, fyrir píanó. Og strax árið 1890 var hann búinn að semja sinn fyrsta píanókonsert. Hann lauk prófi í píanóleik árið eftir og 1892 brautskráðist hann úr tónsmíðanáminu, skreyttur gullmedalú fyrir lokaverkefni sitt.

Að námi loknu tók lífsbaráttan við. Næstu árin vann Rakhmanínov fyrir sér með kennslu og hljómsveitarstjórn sem hann náði afbragðs tókum á. Hann sinnti tónsmíðum eftir því sem færi gafst og samdi meðal annars sína fyrstu sínfóníu en hún hlaut ekki góðar viðtökur, Rakhmanínov til hrellingar. Mun betur gekk með píanókonsert nr. 2 sem tónskáldið

frumflutti sjálfst árið 1901 undir stjórn Silotis frænda síns. Vegur Rakhmanínovs jókst smám saman — hann varð meðal annars hljómsveitarstjóri Bolshoj-leikhússins — og næstu ár voru honum líka hamingjutími í einkalífi: hann kvæntist frænku sinni Natalíu Satína árið 1902 og þeim fæddust tvær dætur. En það gekk illa að finna næði til tónsmíða í önnunum í Moskvu. Það var helst á sumrin, á sveitasetri Satína-fjölskyldunnar, sem Rakhmanínov hafði tíma til að semja. Því var það haustið 1906 að Rakhmanínov-hjónin tóku sig upp og fluttust til Dresden þar sem þau höfðu vetursetu næstu þrjú árin. Þessi tími varð Rakhmanínov drjúgur til tónsmíða og hann tók út mikinn þroska sem tónskáld. Þarna varð önnur sínfónía til, fyrsta píanósónatan og tónaljóðið *Eyja hinna dauðu*, auk smærri verka. Og árið 1909 var komið að þriðja píanókonserntinum. Það hafði verið í bígerð um nokkurt skeið að Rakhmanínov færi í tónleikaferð til Bandaríkjanna. Nú var komið að því og hann þurfti að hafa nýjan konsert meðferðis. Útkoman varð næstum þriggja kortéra virtúósaverk með gullfallegum melódíum og glæsilegum kadensum. Rakhmanínov frumflutti konsertinn með Sinfóníuhljómsveit New York-borgar í nóvember 1909 og tveimur mánuðum síðar lék hann verkið aftur þar í borg, þá með Fílharmóníusveitinni undir stjórn Gustavs Mahler.

Þriðji píanókonserntinn er frægur fyrir þær kröfur sem hann gerir til einleikarans. Vissulega reynir einleikshlutverkið á — Rakhmanínov var sjálfur einn fremsti píanóleikari sinnar tíðar og vildi sjálfsgætt öðrum þræði að verkið sýndi hvers hann var megnugur. En það væri rangt að líta á það sem einhvers konar sirkusnúmer; hér er á ferðinni tjáningarrík tónlist með eftirminnilegum stefjum, sem tónskáldið vinnur afbragðsvel úr, en hún hefur ekki alltaf notið sannmælis. Ef til vill má segja að í augum 20. aldar fólks hafi píanistinn Rakhmanínov skyggt á tónskáldið og að tónsmíðar hans hafi auk þess galdið þess að vera síðspröttinn blómi rússneskrar rómantíkur, svo til ósnertar af módernískum áhrifum. En rétt eins og hinar miklu sínfóníur Bruckners og Mahlers hafa verið endurmetnar á seinni tímum, þá ættu sínfónísk verk Rakhmanínovs að fá að njóta sín á sínum eigin fagurfræðilegu forsendum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var hinn 27 ára gamli Vladimir Ashkenazy sem flutti þriðja píanókonsernt Rakhmanínovs fyrstur manna á Íslandi árið 1964 undir stjórn Igors Buketoff. Síðan hafa fetað í fótspor hans Barbara Nissman (1976), Dmitris Sgouros (1987), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1993), Olli Mustonen (1994), Denis Matsújev (2001), Víkingur Heiðar Ólafsson (2007 og 2011) og Níkolaj Lúganskíj (2016).



ÞJOTR TSJAJKOVSKÍJ

RÓMEÓ OG JÚLÍA, FANTASÍUFORLEIKUR

Um þessar mundir eru 150 ár frá því að forleikur Þjotrs Tsjajkovskíj (1840–1893) um Rómeó og Júlíu hljómaði fyrst en hann hefur löngum verið ein vinsælasta tónsmíð tónskáldsins. Það var ekki sjálfgefið að Tsjajkovskíj legði tónlistina fyrir sig; foreldrar hans sendu hann ungan í laganám og ætluðu honum að starfa við stjórnýslu. Hann fékk þó tónlistarmenntun meðfram en var kominn yfir tvítugt þegar hann komst í hinn nýstofnaða tónlistarháskóla í Sankti Pétursborg þar sem tónskáldið, píanistinn og hljómveitarstjórinn Anton Rubinstein réð ríkjum. Hjá honum lærði Tsjajkovskíj tónsmíðar og hljóðfærafræði með góðum árangri og við útskrift árið 1865 var hann ákveðinn í að verða tónlistarmaður að atvinnu. Í Moskvu var þá verið að koma á fót tónlistarháskóla undir forystu Nikolajs Rubinstein, bróður Antons, sem bauð Tsjajkovskíj kennarastöðu.

Um þessar mundir komst Tsjajkovskíj í kynni við Mílíj Balakírev og félagi hans í Mektarsveitinni svokölluðu. Það var hópur tónskálda sem voru að mestu sjálfmenntuð og vildu gera þjóðlegri rússneskri tónlist hátt undir höfði. Þau tortryggnu að sama skapi þá Rubinstein-bræður og tónlistarháskólana og þóttu þeir undir vestræna tónlistarhefð. Engu að síður tók Mektarsveitin tónlistarháskólamaninum Tsjajkovskíj opnum örmum og hvatti hann til dáða. Það var Balakírev sem stakk upp á því haustið 1869 að Tsjajkovskíj skrifaði verk byggt á leikriti Shakespeares um elskendurna í Veróna. Tsjajkovskíj lét til leiðast og innan tíðar var hann kominn með uppistöðuna í verkið, tvö meginstef sem mynda dramatíska spennu. Þar eru annars vegar átök ættanna tveggja, Kapúletta og Montag, sem Tsjajkovskíj túlkar með hröðum tónahlaupum, málmgjöllum og óreglulegum taktáherslum. Hins vegar er stef elskendanna sem Rímskíj-Korsakov, einn úr Mektarsveitinni, kallaði eitt það fallegasta í rússneskum tónbókmenntum. Þessum efniviði fékk Tsjajkovskíj svo tiltölulega hefðbundið sönötuform. Við heyrum fyrst hægan inngang sem vísar til Bróður Lárens, hjálparhelli elskendanna ungu. Síðan eru meginstefin kynnt hvort á eftir öðru. Þá kemur úrvinnslukafla og í ítrekuninni takast svo stefin bókstaflega á — og elskendurnir verða undir. Þákuslög minna á óumflýjanleika orlaganna áður en við heyrum fiðlurnar vísa í ástarstefið í hinsta sinn.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Forleikur Tsjajkovskíjs hefur hljómað alloft í meðförum Sinfóníuhljómveitar Íslands, til dæmis undir stjórn Olavs Kielland (1960), Gabriels Chumra (1978), Barrys Wordsworth (1987), Pietaris Inkinen (2007) og Vladimirs Ashkenazy (2016). Guðmundur Óli Gunnarsson stjórnaði flutningi Sinfóníuhljómveitar Norðurlands á verkinu árið 2007 og Ungsveit SÍ spreytti sig á því með Petri Sakari 2014. Það hljómaði síðast hér í Eldborg á menningarnótt 2017 í flutningi SÍ undir stjórn Keri-Lynn Wilson.



ÍGOR STRAVINSKÍJ

ELDFUGLINN, SVÍTA

Það er merkilegt að hugsa til þess að *Eldfugl* Ígors Stravinskíjs (1882–1971) hafi orðið til um sama leyti og 3. píanókoncert Rakhmanínovs. Þessi tvö tónskáld fóru mjög ólíkar leiðir í tónsköpun sinni, Rakhmanínov ávaxtaði arfleifð níttjándu aldarinnar en Stravinskíj umfaðmaði stefnur og strauma þeirrar tuttugustu. Hann stundaði tónsmíðanám hjá Rimskíj-Korsakov sem var einn af forvígismönnum þjóðlegs stíls í Rússlandi og Stravinskíj sagði sjálfur svo frá, að hann hefði í fyrstu verið undir miklum áhrifum frá fyrirrennrum sínum en svo hafi sjóndeildarhringurinn breikkað, meðal annars við kynni af yngri skáldum og listamönnum. Þar munaði ekki minnst um eldsálina Sergej Djugájev sem stóð fyrir dansflokknum Ballets Russes í París. Djugájev var á höttunum eftir samstarfsmanni þegar hann heyrði fyrstu verk hins unga Stravinskíjs á tónleikum og sá í honum tónskáld að sínu skapi — tónlist Rakhmanínovs höfðaði til dæmis ekki til Djugájevs, hann taldi hana „of tilfinningaþrungna“.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þau sem áttu grammófón á Íslandi árið 1927 áttu þess kost að hlýða þá þegar á Eldfuglinn hérlendis, því Hljóðfærahúsið auglýsti hljómplötu með verkinu til sölu fyrir jólin það ár. Ef til vill keypti Ríkisútvarpið eintak í búðinni, í það minnsta hljómaði Eldfuglinn oft í útvarpinu á fyrstu árum þess. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék verkið í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í febrúar 1954 undir stjórn Eugenes Goossens og aftur tveimur árum síðar þegar Wilhelm Schleuning hélt um sprotann. Verkið hefur síðan hljómað oft í meðföllum sveitarinnar, m.a. á Listahátíð 1970 undir stjórn Andrés Previn. Á þessari öld hafa þessir stjórnad flutningi Sí: David Stern (2002), Vladimir Ashkenazy (2004), Rumon Gamba (2009), Ilan Volkov (2010 og 2014), Daniel Bjarnason (2016) og Yan Pascal Tortelier (2016).

Eldfuglinn var fyrsta tónverkið sem Stravinskíj samdi fyrir flokk Djugájevs en samvinna þeirra átti eftir að standa með hléum í á annan áratug. Titill verksins er sóttur til slavneskra goðsagna um glóandi fugl sem getur bæði fært bölg og blessun. Eldfuglinn í ballettinum er kvenleg vera sem prinsinn Ívan handsamar. Hann þyrmir lífi hennar og hún gefur honum töfraþjóður að launum svo hann geti kallað á sig liggja honum við. Næst verða á vegi Ívans þrettán prinsessur sem hinn illi Kastsjev heldur í álöngum. Með hjálp eldfuglsins tekst Ívan að ráða niðurlögum Kastsjejs og hyskis hans og frelsa prinsessurnar. Ballettinn var frumsýndur í París í júní 1910. Honum var strax vel tekið og tónlistin varð ekki síður vinsæl sem konsertstykki. Stravinskíj útbjó svítu úr henni árið eftir, aftur 1919 og í þriðja sinn 1945. Það er útgáfan frá 1919 sem hljómar á tónleikumum í kvöld.

Eldfuglinn markar hið eiginlega upphaf að glæstum tónsmíðaferli Stravinskíjs. Uppeldi Rimskíj-Korsakovs kemur fram í þjóðlegu stefjafni en ekki síður í því hve góðum tókum Stravinskíj hafði þegar náð á hljómsveitarskrifum. Hann varð fljótt útfarinn í þeirri list og nýtti blæbrigði og möguleika hinna ólíku hljóðfæra með ákaflega skapandi hætti. Strax í kjölfar *Eldfuglsins* fylgdu ballettarnir *Petrúshka* og *Vorblótíð* þar sem Stravinskíj tók enn stærri skref inn í sinn einstaka hljóðheim og fjarlægðist að sama skapi rússneska skólann sem hafði mótað hann í fyrstu.

Svanhildur Óskarsdóttir

Á DÖFINNI

FIM 19 MAR 19:30




MOZART OG KURT WEILL

Þessir tónleikar verða með nokkuð óvenjulegu sniði því að blásarasveit Sinfóníuhljómsveitarinnar verður hér í sviðsljósinu. Á fyrri hluta tónleikanna má heyra *Sinfóníur fyrir blásara* eftir Ígor Stravinskíj sem hann samdi árið 1920 í minningu Debussys og *Konsert fyrir fiðlu og blásara* eftir Kurt Weill í meðförum bandaríska fiðluleikarins Erin Keefe. Hljómsveitarstjórinn, Osmo Vänskä, er frábær klarínnettuleikari og á seinni hluta tónleikanna tekur hann sér sæti meðal blásaranna og leikur með í hinni guðdómlegu serenöðu Mozarts fyrir 13 blásara og kontrabassa.

FÖSTUDAGSRÖÐ Í NORÐURLJÓSUM

FOS 20 MAR 18:00



Strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands UPPLJÓMUÐ NÓTT

Strengjasveit hljómsveitarinnar er í sviðsljósinu á þessum tónleikum þar sem hljóma tvö meistaraverk frá fyrri hluta 20. aldar. Arnold Schönberg samdi meistaraverkið *Verklärte Nacht* á aðeins þremur vikum og byggði á samnefndu ljóði þar sem segir frá ungum elskendum á skógargöngu að kvöldlagi. Á tónleikunum hljómar einnig tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu eftir Béla Bartók sem er lykilverk á ferli hans, samið árið 1936. Það hefur verið kallað „ein fullkomnasta tónsmíð sem Bartók samdi“ og sagt að það spanni allar þær mótsagnir sem gera list hans svo hrífandi. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason.

FIM 26 MAR 19:30



RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA

Sofia Gubaidulina er meðal virtustu tónskálda sinnar kynslóðar og er komin hátt á níráðisaldur. *Offertorium (Förn)* er eitt helsta verk Gubaidulínu, magnþrunginn fiðlukonsert þar sem hún leggur út af svonefndu konungsstefi úr *Tónaförn* J.S. Bachs. Rússnesk-ísrælski fiðlusnillingurinn Vadim Gluzman fer með einleikshlutverkið í verkinu, en hann þykir einn helsti túlkandi þess á heimsvísu og hefur leikið það með mörgum helstu símfóníuhljómsveitum heims. Önnur símfónía Rakhmanínovs er hans dáðasta hljómsveitarverk og fastagestur á efnisskrám hljómsveita frá því það hljómaði fyrst árið 1908. Hljómsveitarstjóri er Antonio Méndez.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

12. MARS 2020

1. FÍÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Pascal La Rosa
Margrét Kristjánsdóttir
Justyna Bidler
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir

2. FÍÐLA

Páll Palomares
Benedikte Damgaard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VÍÓLA

Þórarinn Már Baldursson
Łucja Koczot
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Úlfhildur Þorsteinsdóttir
Kathryn Harrison
Steina Kristín Ingólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Xun Yang
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan
Páll Hannesson
Richard Korn
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Martin Schöpfer
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Svanhvit Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SKÓLAKORTIÐ


SNILLD FYRIR ÞIG

Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.800 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar.

Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA